# Tónleikar
# í
# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Marta Guðrún Halldórsdóttir
sópran
og
Gísli Magnússon
píanóleikari



þriðjudaginn 21. ágúst og endurteknir:

**fimmtudaginn 23. ágúst 1990 kl. 20:30**

**Marta Guðrún Halldórsdóttir** hóf söngnám hjá Sieglinde Kahman árið 1984, en var jafnframt nemandi Gísla Magnússonar í píanóleik við Tónlistarskóla Garðabæjar og lauk þaðan burtfararprófi árið 1987. Ári síðar tók Marta einsöngvarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundar nú nám við Tónlistarskólann í München undir leiðsögn prófessoranna Adalbert Kraus og Daphne Evangelatos. Hún hefur sótt námskeið í ljóðatúlkun hjá Elly Ameling, Dalton Baldwin og Helmut Deutch. Fimmtán ára að aldri söng Marta hlutverk Silju í Litla sótaranum eftir Benjamin Britten í Íslensku óperunni og tveimur árum síðar í Nóaflóðinu eftir sama höfund. Hún hefur síðar komið víða fram sem einsöngvari og syngur auk þess í sönghópnum Hljómeyki.

**Gísli Magnússon** á langan og gifturíkan tónlistarferil að baki. Ungur að árum hóf hann nám hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni. Að loknu prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík hélt hann utan til náms og var lengst af í Sviss. Gísli hefur oft komið fram á tónleikum, jafnt sem einleikari og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nýlega kom út hljómplata með leik hans, Sónata op. 110 eftir Beethoven og Händel tilbrigði eftir Brahms. Gísli er skólastjóri Tónlistarskólans í Garðabæ.

*Efnisskrá*

| | |
|---|---|
| Franz Schubert<br>(1797 -1828) | Ganymed<br>Die Forelle<br>Schäfers Klagelied<br>Gretchen am Spinnrade |
| Johannes Brahms<br>(1833 - 1897) | Geheimnis<br>Liebesklage des Mädchens<br>Du sprichst, daß ich mich täuschte<br>Alte Liebe |
| Felix Mendelssohn<br>(1809 - 1847) | Auf Flügeln des Gesanges<br>Scheidend<br>Suleika<br>Die Liebende schreibt |
| Richard Strauss<br>(1864 - 1949) | Schlagende Herzen<br>Die Nacht<br>Allerseelen<br>Hat gesagt - Bleibt´s nicht dabei |